

Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands.

Mál nr. 3/2013-2014

Kærendur: A og B

Kærðu: Svala Magnea Georgsdóttir og DV.

Kæruefni: Frétt á netmiðli og viðtalsfrétt undir yfirskriftinni „Þú ert á leiðinni til helvítis“.

Málsmeðferð:

Kæra barst siðanefnd 23. september 2013 með bréfi dags. 22. september 2013. Kærendur hafa lagt fram ljósrit af forsiðu DV frá 16. – 17. september 2013, ljósrit af bls. 10 úr því blaði og útskrift af vefnum dv.is en á báðum stöðum er hina kærðu umfjöllun að finna. Siðanefnd óskaði eftir greinargerð kærðu, sem barst nefndinni 14. október 2013. Málið var tekið fyrir á fundum siðanefndar 22. og 29. október 2013.

Málavextir og umfjöllun:

Viðtal það, sem kærán lítur að, er við son kæranda og telja kærendur að þar komi fram ærumeiðandi ummæli um þau þar sem nefnt er að þau hafi vísað syni sínum á dyr vegna kynhneigðar hans og að hann hafi engan stuðning fengið frá þeim þegar hann lenti í einelti í skóla. Kærendur vísa til þess að þau telji birtingu á viðtalinu fara í bága við ákvæði 3. gr. og 6. gr. Kærendur benda á að ekkert samráð hafi verið haft við þau við vinnslu viðtalsins.


Í kærú kemur fram að yngri synir kæranda og annar kæranda hafi haft samband við hinn kærða blaðamann „með von um einhverskonar leiðréttingu mála eða afsökunarbeiðni“ en hún hafi eingöngu boðið til áframhaldandi blaðaskrifa sem þau hafi ekki haft áhuga á. Fram kemur í greinargerð kærðu að í tölvupósti frá öðrum kæranda hafi ekki verið óskað eftir leiðréttingu eða afsökunarbeiðni heldur hafi þar einungis verið lýst upplifun þessa kæranda af samskiptum við son sinn. Samkvæmt 6. gr. siðareglna skal sá sem vill kæra ætlað brot til siðanefndar fyrst leita leiðréttingar mála sinna hjá viðkomandi fjölmiðli. Eins og málið liggur fyrir siðanefnd verður ekki séð að kærendur hafi leitað leiðréttingar hjá kærðu með nægjanlega afdráttarlausum hætti þannig að framangreint skilyrði teljist uppfyllt. Verður máli þessu því vísað frá nefndinni.


Úrskurður:

Máli þessu er vísað frá siðanefnd.


Reykjavík, 29. október 2013.


Björn Vignir Sigurpálsson


Asgeir Þór Arnason


Friðrik Þór Guðmundsson


Hjörtur Gíslason


Róbert Haraldsson